



Erindisbréf framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla

1. Stjórnskipuleg staða:

Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla heyrir undir sveitarstjórn.

2. Skipun byggingar- og framkvæmdaneftndar Flóaskóla:

Í nefndinni sitja 7 fulltrúar skipaðir af sveitarstjórn og skulu þeir koma úr eftirfarandi röðum:
Oddviti sveitarstjórnar, sveitarstjóri, fulltrúi T-lista í sveitarstjórn, skólastjóri, umsjónarmaður fasteigna, fulltrúi fræðslunefndar og fulltrúi framkvæmda- og veitunefndar. Skipan fulltrúa var staðfest á fundi sveitarstjórnar þann 9. janúar 2023. Aðrir fulltrúar úr sveitarstjórn hafa seturétt á fundum vinnuhópsins. Að auki er gert ráð fyrir aðkeyptri sérfræðivinnu innan nefndarinnar og hefur nefndin heimild til þess að kalla inn á fund til sín hvern þann sem tengist þeim málum sem fjallað er um.

Starfstími nefndarinnar er frá samþykkt þessa erindisbréfs og þar til undirbúningi og framkvæmdum við áfanga 1 og 2 er að fullu lokið skv. tillögu vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og bókun sveitarstjórnar frá 28. nóvember 2023. Ákvörðun um styttri eða lengri starfstíma getur eingöngu komið frá sveitarstjórn.

3. Hlutverk framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla:

Hlutverk nefndarinnar eru:

- Að kalla eftir ítarlegri kostnaðargreiningu á hönnun allra áfanga skv. tillögu vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla frá nóvember 2023. Kostnaðargreiningu skal kynna fyrir sveitarstjórn.
- Að fjalla um fyrirkomulag á útboðsmálum og gera tillögu um það til sveitarstjórnar.
- Að stýra hönnunarvinnu og leita hagkvæmustu lausna.
- Að semja um alla hönnun og framkvæmdir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.
- Að vinna með hönnuði að útfærslu breytinga og nýbyggingar í samræmi við stefnu sveitarstjórnar.
- Að leggja fram tillögu að áfangaskiptingu, ef við á, sem lögð er fyrir sveitarstjórn. Leita skal heimildar sveitarstjórnar fyrir útboði hvers áfanga.
- Að vera fulltrúi verkkaupa (Flóahrepps) vegna hönnunar, framkvæmda og breytinga.
- Að vinna samkvæmt samþykktum tillögum og greiningum sem sveitarstjórn hefur samþykkt t.d. skýrslur, tillögur og annað sem hlotið hefur meðferð sveitarstjórnar vegna verkefnisins. Að kalla eftir álti hagsmunaaðila eins og við á.
- Að upplýsa sveitarstjórn, að lágmarki á þriggja mánaða fresti, um stöðu verkefnis

4. Starfshættir:

Um starfshætti nefndarinnar fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps og öðrum samþykktum og reglum sem við á. Fulltrúa er skyldt að sækja fundi nema lögmaðt forföll hamli og skal tilkynna um forföll til sveitarstjóra.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum eftir því sem þurfa þykir og hæfir verkefnum nefndarinnar. Heimilt er að taka þátt í fundi með rafrænum hætti.



FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss

Oddviti er formaður nefndarinnar og stýrir fundum í samræmi við samþykkt um stjórni sveitarfélagsins Flóahrepps.

Sveitarstjóri boðar fundi, sendir fundargögn, ritar fundargerðir og heldur utan um önnur gögn varðandi nefndina. Sveitarstjóri er jafnframt varaformaður nefndarinnar.

Nefndin skal halda utan um fundargerðir á rafrænan hátt og skal í fundargerðum koma fram hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum, meginnefni og afgreiðslu nefndarinnar. Fundargerðir skulu sendar á sveitarstjórn til upplýsinga og staðfestingar.

Fundarboðun skal vera skrifleg og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum sem seturétt hafa á fundum eða eru boðaðir, eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Á skipunartíma nefndarinnar er heimilt að halda allt að 30 fundi. Leita þarf heimilda sveitarstjórnar ef halda þarf fleiri fundi en tilgreindir eru vegna verkefnisins.

Um sérstakt hæfi fulltrúa nefndarinnar og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótið að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

5. Eftirfylgni

Formaður og fulltrúar vinnuhópsins skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni ákvarðana.

Erindisbréf þetta var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps 9. janúar 2024 og tekur begar gildi.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri